

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. ágúst 2023
Tilvísun: 2023061089/BFR

Efni: Umsögn Persónuverndar um drög að reglugerð um netöryggisráð

1.

Persónuvernd vísar til draga að reglugerð um netöryggisráð, sem voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 29. júní 2023.

Í drögnum er meðal annars fjallað um hlutverk, skipan og ábyrgð netöryggisráðs.

2.

Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir því að netöryggisráð starfi á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og sinni ákveðnu ráðgjafarhlutverki með því að fylgja eftir framkvæmd stefnu stjórnvalda á sviði net- og upplýsingaöryggis. Er ráðinu ætlað að leggja mat á stöðu netöryggis á Íslandi á hverjum tíma, auk þess að vera vettvangur upplýsingamiðlunar og samhæfingar í netöryggismálum. Er jafnframt mælt fyrir um þetta hlutverk ráðsins í tilvitnuðu ákvæði laga nr. 78/2019.

Nánar er fjallað um upplýsingamiðlun og samhæfingu í 5. gr. reglugerðardraganna. Þar segir að fulltrúar ráðsins afli upplýsinga varðandi netöryggi á sínum ábyrgðarsviðum eftir því sem við á, svo sem um netöryggisógnir og netöryggisatvik, og miðli þeim á vettvangi ráðsins eftir því sem við á, til upplýsingamiðlunar og umræðu í ráðinu.

Fjallað er um skipun netöryggisráðs í 2. gr. draganna en þar er ráðgert að ráðherra, sem fari með netöryggismál, skipi sjö fulltrúa í ráðið og jafnmarga til vara að fengnum tilnefningum frá ýmsum ráðuneytum. Þannig segir í 2. mgr. ákvæðisins að dómsmálaráðuneytið eða stofnun þess tilnefni einn fulltrúa í ráðið vegna lögreglu- almannavarna- og persónuverndarmála.

3.

Að mati Persónuverndar leikur vafi á því hvort framangreind tilhögun á skipun netöryggisráðs samræmist lögbundnum tilgangi og markmiði ráðsins, sbr. tilvísuð ákvæði þar um. Nánar til tekið telur Persónuvernd að upplýsingamiðlun og samhæfing sem fer fram í netöryggisráði kunni að verða ómarkwiss, verði drögin óbreytt að reglugerð, í ljósi þess að ekki er þar gert ráð fyrir því að tilteknar stofnanir eigi fasta fulltrúa í ráðinu. Kann það að leiða til þess að skortur verði á nauðsynlegu samráði við stofnanir sem hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í tengslum við netöryggi, án þess þó að eiga fulltrúa í ráðinu. Á þetta meðal annars við um Persónuvernd, komi til þess að fulltrúi stofnunarinnar verði ekki skipaður í ráðið að undangenginni tilnefningu.




Persónuvernd vekur athygli á að í fyrirbyggjandi drögum er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytinu verði falið að tilnefna einn fulltrúa í ráðið vegna lögreglu-, almannavarna- og persónuverndarmála. Að mati Persónuverndar er um afar breitt en þýðingarmikið málefnasvið að ræða sem færi betur á að aðgreina enda er ekki hægt að ganga út frá því að einn og sami fulltrúinn hafi sérþekkingu til að gæta að sjónarmiðum tengdum þeim öllum. Að mati Persónuverndar ætti því að fjölga þeim fulltrúum sem dómsmálaráðuneytið tilnefnir, eftir atvikum með fjölgun fulltrúa sem eiga sæti í ráðinu.

Í þessu sambandi áréttar Persónuvernd að stofnunin telur afar brýnt að einn fulltrúi verði sérstaklega tilnefndur og skipaður í ráðið vegna persónuverndarmála.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni draganna að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Steinunn Birna Magnúsdóttir


Bjarni Freyr Runarsson